



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# KLASSÍKIN OKKAR

28. ÁGÚST 2026  
ELDBORG HARPA



---

# VELKOMIN



---

VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT  
Á FARSÍMUM MEÐAN Á  
TÓNLEIKUM STENDUR



Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og RÚV er þeim sjónvarpað beint á RÚV. Tónleikunum verður einnig útvarpað á Rás 1 sunnudaginn 30. ágúst.

---

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.

# KLASSÍKIN OKKAR

## SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

DANÍEL BJARNASON  
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

### FLYTJENDUR

ÁLFHEIÐUR ERLA  
GUÐMUNDSDÓTTIR  
EINSÖNGVARI

ÁSTA DÓRA FINNSDÓTTIR  
EINLEIKARI

BRYNDÍS GUÐJÓNSDÓTTIR  
EINSÖNGVARI

ELMAR GILBERTSSON  
EINSÖNGVARI

UNNSTEINN MANUEL  
STEFÁNSSON  
EINSÖNGVARI

KARLAKÓR REYKJAVÍKUR

### KYNNAR

HALLA ODDNÝ MAGNÚSDÓTTIR  
UNNSTEINN MANUEL  
STEFÁNSSON

SELDA BRÚÐURIN, FORLEIKUR  
Bedrich Smetana

ANCHOR SONG  
Lag og texti: Björk

PRESTAKÓR ÚR TÖFRAFLAUTUNNI  
Wolfgang Amadeus Mozart

VALS NR. 1  
Lag og texti: Magnús Eiríksson  
Útsetning: Þórður Magnúson

ÚR ÓPERUNNI LA BOHEME  
Giacomo Puccini  
*Che gelida manina*  
*Mi chiamano Mimi*  
*O soave fanciulla*

### HLÉ

MILLISPIL ÚR KANTÖTUNNI SÖNGNUM  
Wilhelm Stenhammar

PÍANÓKONSERT NR. 1 Í D MOLL, I. ALLEGRO  
Johann Sebastian Bach

UNA FURTIVA LAGRIMA, ÚR ÁSTARDRYKKNUM  
Gaetano Donizetti

ARIOSO OP. 3  
Jean Sibelius

BRENNIÐ ÞIÐ VITAR  
Lag: Páll Ísólfsson  
Ljóð: Davíð Stefánsson

SINFÓNÍA NR. 4 - IV FINALE: ALLEGRO CON FUOCO  
Pjotr Íljítsj Tsjajkovskíj

---

# KLASSÍKIN OKKAR

---

Klassíkin okkar hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem ómissandi upptaktur að nýju starfsári Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Að venju kennir ýmissa grasa í litríkri efnisskrá kvöldsins, fjöldi glæsilegra listamanna kemur fram með hljómsveitinni og Daníel Bjarnason heldur um tónsprotann.

Tónleikarnir hefjast á galsafullum forleik tékkneska tónskáldsins Bedřich Smetana að gamanóperunni Seldu brúðinni frá árinu 1866. Í óperunni þarf ung stúlka að grípa til sinna ráða til að mega giftast piltinum sem hún elskar því foreldrar hennar hafa fundið henni annað mannsefni. Næsta verk á efnisskránni er úr allt annarri átt en Björk Guðmundsdóttir samdi lagið Anchor Song árið 1990 innblásin af íslenskum sveitakirkjum. Hér er það Unnsteinn Manuel Stefánsson sem syngur þetta hrífandi lag með blásurum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Að því loknu hverfum við inn í Töfraflautu Mozarts með aðstoð Karla kórs Reykjavíkur. Við heyrum hinn þýða og hljómnikla Prestakór áður en við snúum okkur aftur að íslenskri poppklassík. Magnús Eiríksson lést fyrr á árinu og lét eftir sig margar eftirminnilegar tónlistarperlur. Þeirra á meðal er valsinn sem hljómar hér í nýrri útsetningu Þórðar Magnússonar. Lagið var raunar samið fyrir sjónvarpsþáttaröð sem gerð var árið 1983 til að kenna Íslendingum dönsku. Það talar hins vegar enginn dönsku í einni vinsælustu óperu sögunnar, La bohème eftir Giacomo Puccini, sem gerist meðal fátækra listamanna í París. Hér fáum við að grípa niður snemma í óperunni þegar skáldið Rodolfo hittir saumastúlkuna Mimi í fyrsta sinn og ástarbálið er tendrað. Það eru þau Elmar Gilbertsson og Bryndís Guðjónsdóttir sem syngja tvær þekktustu aríur óperunnar og einn ómótstæðilegan ástandúett.

Það er tónskáldið Wilhelm Stenhammar sem dregur tjöldin frá að nýju í Klassíkinni okkar eftir hlé en Stenhammar var meðal mikilvægustu tónskálda Svía um aldamótin 1900. Millispilið úr kantötu hans Söngnum frá 1921 er blíðlegt og mikilfenglegt í senn. Johann Sebastian Bach var meðal fyrstu tónskálda vestrænnar tónlistarsögu til þess að semja einleikskonserta fyrir hljómborðshljóðfæri. Í kvöld er það glæsilegur ungur píanóleikari, Ásta Dóra Finnsdóttir, sem leikur fyrsta kafla úr konsert hans í d-moll. Tónlistin er bæði spennuþrungin og dramatísk og gefur einleikaranum færi á að láta ljós sitt skína. Næst stiga tveir einsöngvarar á svið. Elmar Gilbertsson syngur eina af sínum eftirlætisárum, Una furtíva lagrima úr Ástardrykk Gaetanos Donizettis, þar sem tilfiningaskalinn er þaninn til hins ítrasta. Álfheiður Erla Guðmundsdóttir syngur svo hið tregafulla og ægifagra sönglag Sibeliusar, Arioso. Sprengikraftur Karla kórs Reykjavíkur er þvínæst leystur úr læðingi með lagi Páls Ísólfssonar við ljóð Davíðs Stefánssonar, Brennið þið vitar, úr Alþingishátíðarkantötunni. Það er ekki minna brimrót í síðasta verki tónleikanna en það er lokakaflinn í fjórðu sífóníunni eftir Pjotr Íljítsj Tsjajkovskij, verki sem tónskáldið samdi eftir að hafa tekist á við hinstu rök tilveru sinnar.

*Halla Oddný Magnúsdóttir*

# Á DÖFINNI

## ATTACCA!

FIMMTUDAGUR 3. SEPTEMBER KL:19:30

Barbara Hannigan, nýr aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, stjórnar upphafstónleikum starfsársins. Á efnisskránni eru Charles Ives, frumflutningur á Undark eftir Huga Guðmundsson, 4'33" eftir John Cage auk fyrstu sinfóníu Mahlers í öllum sínum stórfengleika - tónleikar sem fylgjendur hljómsveitarinnar mega ekki missa af.



## CHAMAYOU LEIKUR RAVEL

FIMMTUDAGUR 10. SEPTEMBER KL. 19:30

Nýr staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands, píanóleikarinn Bertrand Chamayou, og sópransöngkonan og hljómsveitarstjórinn Barbara Hannigan verða í brennidepli á fjölbreyttum tónleikum. Chamayou leikur verk Messiaens og Ravel, en Hannigan og strengjasveit Sinfóníuhljómsveitarinnar flytja Les Illuminations eftir Britten. Í upphafi hljóma atriði úr Köngulóarveislunni eftir Albert Roussel.



## CHAMAYOU EINLEIKSTÓNLEIKAR

FÖSTUDAGINN 11. SEPTEMBER KL. 18:00

Bertrand Chamayou heldur einnig einleikstónleika í Norðurljósum. Gagnrýnendur hafa vart undan því að lofa kraftmiklum og hrifandi fögrum píanóleik hans. Ljóð án orða er leiðarstef tónleikanna. Ferðalagið hefst á Mendelssohn, liggur um tónheim Ives, Schumanns, Crumbs, Kurtágs og Takemitsus og lýkur á hinni glæsilegu Wanderer-fantasíu Schuberts.



# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

## 1. FÍÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
kosertmeisteri  
Anton Miller  
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Laufey Jensdóttir  
Joanna Bauer  
Sigrún Harðardóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Matthildur Traustadóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Helga Diljá Jörundsdóttir

## 2. FÍÐLA

Gunnhildur Daðadóttir  
Sólveig Steinþórsdóttir  
Justyna Bidler  
Kristján Matthíasson  
Hekla Finnsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Emma Garðarsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Hlin Erlendsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Rita Þoríris  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Guðrún Hrud Harðardóttir  
Guðbjartur Hákonarson  
Þórarinn Már Baldursson  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Sigrún Mary McCormick  
Kathryn Harrison  
Steina Kristín Ingólfssdóttir

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Steiney Sigurðardóttir  
Urh Mrak  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Margrét Árnadóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Guðný Jónasdóttir

## BASSI

Xun Yang  
Adam Bernstein  
T.C. Fitzgerald  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Richard Korn  
Jacek Karwan

## FLAUTA

Rafael Adobas  
Áshildur Haraldsdóttir  
Caterina Compagno

## ÓBÓ

Matthías Nardeau  
Eydis Lára Franzdóttir  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Grimur Helgason  
Baldvin Ingvar Tryggvason  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Clara Manauð  
Bryndís Þórsdóttir  
Sabina Aran Clota

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Emil Friðfinnsson  
Jósef Ognibene  
Yi-Ling Shih

## TROMPET

Zach Silberschlag  
Szabolcs Koczur  
Eiríkur Örn Pálsson

## BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson  
Sigurður Þorbergsson

## BASSABÁSÚNA

David Bobroff

## TÚBA

Charley Pollard

## HARPA

Katie Buckley

## PÍANÓ

Liam Kaplan

## PÁKUR

Ginevra Palo

## SLAGVERK

Marco Santos  
Frank Aarnink  
Steef van Oosterhout

## LÝSING Í SAL

Helgi G Thoroddsen

## HLJÓÐ Í SAL

Þorbjörn Kolbrúnarson

## BLÓMASKREYTING Á SVIÐI

Ragnhildur Fjeldsted

### AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI BARBARA HANNIGAN

#### FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson  
framkvæmdastjóri  
Valdis Þorkelsdóttir  
viðburða- og skipulagsstjóri  
Valgerður Rúnarsdóttir  
verkefnastjóri viðburða  
Hjördís Ástráðsdóttir  
fræðslustjóri  
Daníel Bjarnason  
listrænn ráðgjafi  
Jökull Torfason  
verkefnastjóri dagskrágerðar  
Margrét Ragnarsdóttir  
markaðs- og kynningarstjóri

Rut Sigurðardóttir  
markaðsfulltrúi  
Dagrun Hálfðánardóttir  
mannauðsstjóri  
Svanhvít Hrólfssdóttir  
fjármálastjóri  
Tracy Bass  
nótnavörður  
Brynja Guðmundsdóttir  
aðstoðarnótnavörður  
Sigbór J. Guðmundsson  
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála  
Björk Björgúlfssdóttir  
sviðsmaður

STJÓRN SÍ  
Sigurður Hannesson  
formaður stjórnar  
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir  
Margrét Pálmadóttir  
Emil Friðfinnsson  
Ragnar Jónasson

---

# KARLAKÓR REYKJAVÍKUR

---

## 1. TENÓR

Baldvin Agnarsson  
Bjarni Sigurðsson  
Björn Hallgrímsson  
Bóas Valdórsson  
Einar Þór Einarsson  
Einar Valgeir Jónsson  
Erlendur Örn Erlendsson  
Halldór Páll Eydal  
Jón Gunnar Axelsson  
Pétur Jónsson  
Rúnar Ólafsson  
Sigurður Örn  
Sigurjón Kristensen  
Stefán Sigurjónsson  
Þorleifur Kr. Alfonsson  
Þorsteinn Guðmundsson

## 2. TENÓR

Atli Jakobsson  
Baldur Guðmundsson  
Bjarni Þór Guðmundsson  
Björn Friðrik Einisson  
Elmar Darri Ríkharrðsson  
Ernst J. Backman  
Gylfi Ástbjartsson  
Hafþór Ragnarsson  
Karl Þ. Jónasson  
Ómar Valdimarsson  
Sindri Már Smárasen  
Sveinbjörn Högnason  
Valdimar K. Guðlaugsson  
Vigfús Már Vigfússon  
Þórður Sveinsson

## 1. BASSI

Ari Jónsson  
Björn Bússi Sigurðsson  
Halldór Bragi Ólafsson  
Hugi Einarsson  
Hörður Jóhannesson  
Ingvar Hilmarrsson  
Jóhannes Smári Ólafsson  
Jón Ásgeir Sigurvínsson  
Jón Logason  
Jón Yngvi Ástráðsson  
Karl Skírnisson  
Magnús Edwald  
Orri Arnason  
Ólafur Sveinsson  
Ríkharrður Gunnar Hjartarson  
Sigurður Sævar Sigurðsson

## 2. BASSI

Ásgeir Eiríksson  
Bollí Pétur Bollason  
Böðvar Benjamínsson  
Davíð Eiríkur Guðjónsson  
Eggert Benedikt Guðmundsson  
Gestur Pálsson  
Gísli Laufeyjarson Höskuldsson  
Guðmundur Bjarnason  
Guðni Magnús Eiríksson  
Gunnar Hans Helgason  
Gunnar Hólm Ragnarsson  
Helgi Snær Sigurðsson  
Hjálmar P. Pétursson  
Jón H. Karlsson  
Kveldúlfur Kjartansson  
Ottó V. Guðjónsson  
Ólafur Geir Sverrisson  
Sigurður Ágúst Einarsson  
Skúli Pálsson  
Þorgeir Adamsson  
Þórður Bjarnason

Friðrik Kristinsson, kórstjóri

# LFANDI TÓNLIST



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

Fléttaðu töfrum við hversdagsleikann með áskriftar-  
leiðum Sinfóníunnar. Með Regnbogakorti getur þú valið  
þá tónleika sem höfða mest til þín og tryggt þér gott  
sæti með 20% afslætti.

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Í SÍMA 528-5050

[WWW.SINFONIA.IS](http://WWW.SINFONIA.IS)